

15. maí 2007

Efni:

- ▶ Umgangur
- ▶ Tiltektardagur
- ▶ Svar sveitastjóra
- ▶ REYKA

KERHRAUNSFRETTIR

6. tbl. - 4. árg.

Er þetta það sem við viljum?

Kæru Kerhraunarar

Það er ekki með glöðu geði sem ég rita þessar línur en eins og þið sjáið á meðfylgjandi myndum þá er ærin ástæða til þess að ítreka að umgangur um svæðið má **EKKI** að vera svona.


Nýlega var nýr bústaður sem byggður var í bænum fluttur í Kerhraunið. Því miður virðist flutningsaðilinn ekki hafa áttað sig á hinni einföldu gerð hliðsins inn í landið sem einmitt átti að vera sérstaklega heppileg fyrir svona aðstæður.

Sakir þessa urðu verulegar skemmdir á hliðinu sem verður að lagfæra með tilheyrandi kostnaði. Einföld útfærsla hliðsins gerir það auðvelt að lyfta rörstóplunum upp úr rörhólkunum sem er áfastir ristargrindinni og leggja til hliðar í tilvikum sem þessum.

Stjórnin hvetur aðila til að leita sér upplýsinga, eins erum við að halda úti heimasíðu

www.kerhraun.is

með öllum upplýsingum þannig að hægt sé að hafa samband.



Þeir sem valda svona tjóni verða að bera skaðann og lagfæra þetta sem fyrst á sinn kostnað — Flóknara er það ekki



Frá tiltektardegi



Þetta er líka eitthvað
sem ekki á að sjást en
þetta er
Ægisauðsaðferðin

Fyrirspurn — Svar sveitastjóra

Sæll og blessaður Jón Valgeir

Sem formaður Félags sumarhúseigenda í Kerhrauni langar mig að vita hvort ekki fari nú eitthvað að gerast í vatnsveitulögninni hjá okkar. Svo ég auðveldi þér nú að vita um hvað málið snýst, þá er meðfylgjandi fundargerð þar sem hreppurinn samþykkir að yfirteka kaldavatnslögnina í Kerhrauni.

Samningur um það er fyrirbyggjandi hjá ykkur milli allra aðila og greiðsla til hreppsins innt á sama tíma. Samkvæmt úttekt Verkfræðistofu á Selfossi er hluti lagnarinnar ónýtur í hluta C og þeim hluta átti hreppurinn að skipta út.

Þar sem miklar sviftingar hafa átt sér stað hjá hreppnum eftir kosningar þá hefur þetta dregist og við tókum tillit til þess en þar sem þú ert kominn til að vera væri gott að fara að vinna aftur í þessu máli allavega þannig að þessu verði lokið fyrir næsta haust.

Ég sá að þið veittuð heimild fyrir lögn frá Seyðishólum í Kerengi og því spyr ég hvort leggja eigi í svonefnd D og E svæði sem SH Festir er að skipuleggja þar við hliðina.

Guðrún Njálsdóttir

Svar

1. áfangi er í vinnslu með tengingu við Seyðishólana en síðan er í vinnslu að leysa vandamál með kaldavatnslögnina í framhaldi af því þegar við sjáum hvaða áhrif sú breyting hefur svæðið.

Netauglýsingaherferð fyrir íslenskan vodka

Breski áfengisframleiðandinn William Grant & Sons er að hefja auglýsingaherferð á netinu fyrir **REYKA** Vodka, sem framleiddur er á Íslandi.



Mér til mikillar gleði þá fékk ég þessa tilkynningu frá vini en sú hafði séð þetta á mbl.is í dag.

Ég segi nú bara að víða fer hróður okkar Kerhraunara því það er greinlegt að í vetur þegar ég þurfti að fá umboðsmann REYKA á Íslandi til að kynna íslenskar vörur á kynningu sem fyrirtækið sem ég vinn hjá hélt í London þá sagði ég honum að Kerhraunarar hefðu góða reynslu af REYKA. Ég sagði honum frá hvar Kerhraunið væri og hvenær REYKA-hátíðin hefði farið fram. Eins og sést á myndinni þá finnst mér þetta alveg geta verið Sóley og myndin tekin með Seyðishólinn í baksýn, nema það að hann er ekki enn farinn að gjósa.